

Kristín Ósk Matthíasdóttir  
Þverá  
451 Þverá Vatnsfirði

Reykjavík, 28.6.2023  
UST202302-121/G.S.O.  
08.12.02

### Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 26. júní 2023 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíks er fram kom í eftirliti þann 31. maí 2023. Frestur var veittur til 17. júlí 2023 til að skila inn áætluninni.

Frávikið var eftirfarandi:

1. 25. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Ofanjarðarolíugeymar skulu staðsettir utan akstursleiða. Ef því er ekki við komið skulu þeir búnir árekstrarvörnum. Ekki er árekstrarvörn við olíugeymi á svæðinu. **Samkvæmt myndum sem hafa borist frá rekstraraðila eru árekstrarvarnir nú komnar við olíugeymana.**

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávíkinu lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur